



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 27. janúar 2014

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn að Sunnubraut 7, 27. janúar 2014.

Mættir: Þórður, Viðar, Guðbjörn, Svala, Heiðrún Sandra og Gyða.

1. Þórður sagði frá formannafundi hjá LH 8. nóvember 2013. Þar fékk hestamannafélagið Sindri í Vík æskulýðsbikarinn fyrir öflugt æskulýðsstarf. Talað um öryggisnefnd LH, nefndin er með átak í gangi varðandi endurskin hestamanna. Vilja að hvert félag hafi öryggisfulltrúa, þetta verður rætt á aðalfundi Glaðs. Einnig erindi um velferðarmál hestsins.
2. Á þinginu tóku formenn hestamannafélaganna á vesturlandi spjall saman og settu niður dagsetningar vegna úrtöku og v reiðhallarsýningar 29. mars n.k. Ákváðu að halda formannafundi öðru hvoru. Þórður lýsti óánægju Glaðsfélaga varðandi Bikarmót Vesturlands sem Glaður hélt í ágúst, því Borgfirðingar voru með mót á sömu helgi.
3. Formannafundur var haldinn á Vesturlandi. Félögin munu hafa sameiginlega úrtöku fyrir landsmót í sumar. LH er að fara af stað með mótarið á landsvísu og félögin á Vesturlandi munu senda lið til lokakeppni sem haldin verður í tengslum við Hestadaga. Urtaka vegna tölts og fjórgangs verður í Borgarnesi 14. mars en fimmgangs fellur inni KB mótariðina 15. mars. Faxi og Skuggi sjá um þessi mót. Einnig rætt um vesturlandssýningu í reiðhöllinni í Borgarnesi 29. mars. Svala verður fulltrúi Glaðs í undirbúningsnefnd. Rætt um á formannafundinum hvort Glaður vildi vera í samstarfi um að ráða þjálfara vegna barna og unglunga fyrir landsmót. Rætt um uppgjör vegna fjórðungsmóts 2013, ekki komið endanlegt uppgjör en hætta á að komi út í mínus.
4. Árshátíðin í Stykkishólmi í haust þótti takast vel. Glaðsmenn buðu að halda árshátíð haustið 2014, athuga með 8. nóvember hvort laust er á Laugum. Þórður og Eypór athuga með aðstöðuna og hvort grundvöllur sé fyrir hendi.
5. Ákveðið að stefna að aðalfundi Glaðs 2. apríl. Athuga að bera undir aðalfund lagabreytingu varðandi eigendaskipti hrossa miða þá dagsetningu við 15. apríl ár hvert.
6. Sjálfbóðaliðavefur ÍSÍ, hvatt til að nota þegar fólk vinnur fyrir félög, skrá þá inná vefinn.
7. Heiðrún ræddi um að ætti að kjósa efnilegasta knapa ársins, fræðslunefnd er með tilnefningu. Spurning við hvaða tækifæri ætti að afhenda þá viðurkenningu. Í upphafi skemmtikvölds þar sem börn og ungmenni væru ásamt fullorðnum framanaf kvöldi, eða hvort ætti að fella inni eitthvert mót félagsins, eða í lok keppnistímabils í ágúst. Burtséð frá þessu þá hugmynd að hafa skemmtikvöld í mars fyrir börn og fullorðna.
8. Fræðslumál, Heiðrún formaður fræðslunefndar sagði frá að fyrirhuguð væru námskeið í vetur, Skjöldur Orri verður með námskeið með svipuðu sniði og undanfarna vetur, ásamt að vera með námskeið í skautreið. Ólafur Andri Guðmundsson verður með helgarnámskeið og hugsanlega Sjöfn Sæmundsdóttir með námskeið í apríl. Einnig verður járninganámskeið með Gunnari Halldórssyni í febrúar. Fræðslunefnd er að spá í að láta gera buff og boli með Glaðsmerkinu.
9. Búningamál, huga að tillögum á næsta aðalfundi.

Fundi slitið.

Gyða Lúðvíksdóttir, ritari